

# Áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað

Inngangur.

Öryggistrúnaðarmaður er kosinn á starfsmanna fundi að hausti. Trúnaðarmenn stéttarfélaga eru einnig kosnir á haustin á tveggja ára fresti.

Núverandi öryggistrúnaðarmaður er **Friðbjörn Örn Steingrímsson**

Í Laugargerðisskóla er reynt að stuðla að góðum aðbúnaði og öryggi á vinnustað í nánu samstarfi við starfsmenn. Unnið er samkvæmt vinnuverndarstefnu sem byggist á gátlista á áhættumati fyrir 1-9 starfsmenn. **Áfallaáætlun** hefur verið afhent öllum starfsmönnum, í áfallateymi eru skólastjóri, skólahjúkrunarfræðingur og skólasálfræðingur. Eftirfarandi áætlanir eru aðgengilegar á heimasíðu Laugargerðisskóla [www: laugargerðisskoli.is](http://www.laugargerðisskoli.is).

Jafnréttisáætlun

Áætlun gegn einelti.

Eldvarnaráætlun

Neyðaráætlun fyrir íþróttahús og sundlaug.

Vinnuverndarstefna	Ábyrgð á:	Hvernig stutt lýsing
<b>Tryggjum öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi og komum í veg fyrir slys og atvinnutengda sjúkdóma</b>	Kristín Björk Guðmundsdóttir skólastóri Friðbjörn Ö. Seingr. Öryggistrúnaðar maður	Hugsað er um að húsgögn séu í vinnuhæð. Allir starfsmenn hafi val um hvernig stóla þeir hafa. Hugsað er um að fylgjast með hálkuvörnum. Fylgst er með leiktækjum og vinnutækjum að þau séu lögleg og hættulaus. Sjúkrakassar og tæki til skyndihjálpar eru aðgengileg í eldhúsi, kennarastofu, íþróttahúsi og sundlaug. Öryggis trúnaðarmaður vinnur eftir öryggis og eftirlitshandbók fyrir íþróttahús gefin út 2004 Sérstök neyðaráætlun fyrir íþróttahús og sundlaug hefur verið til síðan 2009. Sjá heimasíðu.
<b>Sjá til þess að starfsmenn fái nauðsynlega fræðslu og þjálfun við störf sín</b>	Kristín Björk Guðmundsdóttir skólastjóri	Allir starfsmenn mæta á mánaðarlega starfsmannafundi. Þar eru tekin fyrir málefni og fræðsla til að byggja fagvitund og stuðla að velferð. Allir starfsmenn geta sótt um að fara á námskeið til að auka við þekkingu sína. Árlega er farið í starfsmannaferð þar sem markmiðið er að auka við þekkingu og víðsýni. Allir starfsmenn fóru á námskeið í skyndihjálpar 2010

<p><b>Hafa vinnuverndina virka í daglegum rekstri fyrirtækisins.</b></p>	<p>Kristín Björk Guðmundsdóttir skólastóri Friðbjörn Ö. Seingr. Öryggistrúnaðar maður</p>	<p>Öryggistrúnaðarmaður er íþróttakennari og gengur um íþróttahús og sundlaug í hverri viku. Hann fylgist með lóð, hálfu og leiktækjum í samráði við skólaliða á gæslu. Samstarf er við smíðakennara um vikulegt eftirlit á tækjum í smíðastofu.</p>
<p><b>Tryggjum að vélar,tæki og varasöm efni stofni ekki lífi og heilsu starfsfólks í hættu.</b></p>	<p>Kristín Björk Guðmundsdóttir skólastóri Friðbjörn Ö. Seingr. Öryggistrúnaðar maður</p>	<p>Öll varasöm efni eru geymd í lokuðum og eða læstum geymslum. Öryggisblöð fyrir hættumerkt efni eru aðgengileg starfsmönnum. Smíðakennari og öryggistrúnaðarmaður yfirfer tæki og tól í smíðastofu og sjá til þess að ekki stafi hætta af þ.m.t. tifsagir.Skólinn er grænfána skóli og því eru umhverfisvæn efni notuð eins mikið og kostur er.</p>
<p><b>Stuðla að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan starfsmanna.</b></p>	<p>Kristín Björk Guðmundsdóttir skólastóri</p>	<p>Námskeið var haldið fyrir alla starfsmenn 2009 um vellíðan á vinnustað. Vinnustaða sálfræðingur hélt námskeiðið. Námskeið var haldið um einleti og vinnu gegn einelti haust 2011. Áætlun gegn einleti unnin af eineltisteymi starfsfólks 2010. Skólasálfræðingur er aðgengilegur fyrir starfsfólk þar sem hægt er að fá viðtöl. Skólahjúkrunarfræðingur kemur mánaðarlega í skólann sem einnig er hægt að fá viðtöl hjá. Skemmtinefnd er starfandi í skólanum fyrir starfsmenn. Fastir liðir í starfinu eru , jólahlaðborð, jólaálfaleikur, opin hús á fimmtudögum smíði, fönður, starfsmannaferð í skóla.</p>
<p><b>Hafa virka viðbragðs-og rýmingaráætlun vegna t.d. eldsvoða, jarðskjálfta,flóða o.fl. slökkvibúnaður og skyndihjálparbúnaður sé í lagi</b></p>	<p>Kristín Björk Guðmundsdóttir skólastóri</p>	<p>Eldvarnar og rýmingaráætlun er yfirfarin og kynnt öllum starfsmönnum á haustin. Lagt var brunaviðvörðunarkerfi í allan skólann 2009, kerfið yfirfarið haustönn 2011. Slökkvitæki eru yfirfarin og fyllt á þau samkvæmt ártölum. Sjúkrakassar og tæki til skyndihjálpar eru aðgengileg í eldhúsi, kennarastofu, íþróttahúsi og sundlaug. Bakbretti og björgunarhringur við sundlaug.</p>

*Kristín Björk Guðmundsdóttir  
skólastjóri Laugargerðisskóla*